

93/1994. Um mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, fer að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr., sbr. 30. og 35. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. júlí 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Svanhvít Jakobsdóttir.

AUGLÝSING

um útgáfu skoðunarhandbókar um skráningu og búnað ökutækja sem flytja hættulegan farm.

Með vísan til reglugerðar um flutning á hættulegum farmi nr. 192 27. mars 1998, hefur ráðuneytið gefið út skoðunarhandbók er greinir nánar frá hver skuli vera framkvæmd skoðunar og skráningar ökutækja sem flytja hættulegan farm.

Ráðuneytið hefur falið Skráningarstofunni hf. fjölrítun bókarinnar og dreifingu til faggiltra skoðunarstofa.

Þetta tilkynnist hér með.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. júlí 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðni Karlsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 1. júní 1999 samþykkt deiliskipulag athafna- og iðnaðarsvæðis á Ártúnshöfða sem markast af Bíldshöfða í suðri, Stórhöfða í norðri, Breiðhöfða í vestri og Höfðabakka í austri og tekur enn fremur til lóða við Eirhöfða og Eldshöfða.

Deiliskipulagsuppráttur og greinargerð hafa verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. júlí 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.